

Norðurljós

Fréttabréf starfsmanna Norðurláls

9. töl. 11. ágúst 2010

RITSTJÓRAR: Rakel Heiðmarsdóttir & Trausti Gylfason

ÁBYRGÐ: Ágúst F. Hafberg

Ritnefnd: Brian D. Marshall, Bjarni I. Björnsson, Elísabet Sveinsdóttir, Fjalar Ríkarðsson, Jón H. Sveinsson, Jóna B. Sigurjónsdóttir, Jóhanna Árnadóttir, Þóra Jónsdóttir. Myndir: Sverrir Guðmundsson

Meðal efnis í þessu blaði...



Gunnar Guðlaugsson:

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Kæru samstarfsmenn.

Reksturinn hér á Grundartanga gengur nokkuð vel. Straumnýtni kerskála er betri en hún var í byrjun árs og að meðaltali eru heldur fleiri ker í rekstri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í lok júní var búið að endurnýja 18 ker í línu 1 og 43 ker í línu 2. Meðalaldur kera sem tekin eru út í línu 1 eru tæp 6 ár en í línu 2 er meðalaldurinn nokkru lægri eða rétt rúm 4 ár. Ástæðan er sú að þar er verið að endurnýja fyrstu kynslóð kera og taka út ker sem ekki eru komin á tíma til að fá jafnari dreifingu á keraldur. Ef það væri ekki gert myndi koma tímabil þar endurnýja þyrfti fleiri ker en kersmiðjan réði við.

Í vetur þurftum við að senda einn af fjórum afriðlaspennum fyrir línu 1 til Noregs til viðgerðar. Á meðan hefur þurft að keyra línu 1 á lægri straum sem aftur þýðir minni framleiðsla. Þegar spennirinn kom aftur um miðjan júlí tókst ekki betur til en svo

að hann laskaðist verulega í flutningunum og verður því sendur aftur til Noregs til viðgerðar. Á meðan er lína 1 á lægri straum og framleitt magn af áli undir áætlun. Minni álframleiðsla af völdum bilunar í spenninum hefur ekki og mun ekki hafa áhrif á mánaðarlegan rekstrarbónus starfsmanna.

Mikil vinna hefur verið lögð í að bæta öryggi starfsmanna og hafa margir lagt hönd á plóginn. Þegar tölfræði um slyss og óhöpp eru skoðuð hefur mjög sýnilegur árangur náðst í öryggismálum (sjá mynd). Sumarið er alltaf sá tími þar sem hættan á að eitthvað fari úrskeiðis er hvað mest. Hver og einn verður að huga að eigin öryggi en jafnframt að gæta þess að gera ekkert sem gæti ógnað öryggi annarra.

Kær kveðja,

Frábær árangur D-vaktar kerskála í öryggismálum!

Þann 11. ágúst náði D-vakt kerskála þeim frábæra árangri að ná 12 mánuðum í röð án fjarveruslysa.

Við óskum þeim til hamingju með árangurinn.

Meira um aðgát við notkun lyftara

Í síðasta fréttabréfi sögðum við frá hættum, sem tengjast vinnu á lyfturum. Það er aldrei of oft hamrað á að lyftarar eru viðsjárverð fartæki og hversu brýnt það er að lyftarastjórar temji sér að fara ávallt að öllu með gát hvort sem þeir eru einir í friði við störf sín eða á leið um svæði þar sem fleiri eru. Þessi varnaðarorð eiga líka erindi til hinna, sem vinna sín störf á gólfinu—þeir verða líka að gæta að öryggi sínu og gera sér grein fyrir þeim hættum sem stafa af lyfturum á ferð.



Okkur eru minnisstæð alvarleg lyftaraslys hjá okkur þar sem fórnarlömbin hafa slasast og munu búa við áverkana alla tíð. Því er ekki ofsögum sagt að sjaldan er góð vísa of oft kveðin og því höldum við áfram að fjalla um hættur tengdar lyfturum.

Lífshætta 4: Fall af lyftara

Fall eitt og sér getur reynst banvænt. Af öllum banaslysum þar sem lyftarar koma við sögu eru tæp 10% vegna falls af lyftara.

Dæmi: Á ónefndum vinnustað beið aðstoðarlagerstjóri bana þegar hann var að hjálpa lyftaramanni við að draga hjólbarða úr vöruhilla í 5 m hæð. Hann stóð á vörubretti sem var á lyftara-gjöfflunum, missti jafnvægið og fell á gólfíð.

Hvernig má koma í veg fyrir svona slys?

Það verður að tryggja að lyftarastjórar:

- Noti einungis viðurkennd "apabúr", ef lyfta þarf starfsmanni upp vegna starfa sinna og sýni alla þá varúð sem hægt er við þá aðgerð.
- Festi alltaf "apabúrið" vel við gafflana eða gafflaplanið.
- Noti aldrei gafflana sem ástand fyrir starfsmenn sem þarf að lyfta.
- Lyfti aldrei starfsmanni í "apabúri" fyrr en lyftarinn er kominn beint undir tilsettan stað.
- Sjái til þess að farþeginn sé tryggilega festur við búrið með fallvarnarbúnaði, líflínu, fallbelti, eða slíku.
- Aki aldrei milli staða með "apabúrið" í hæð.

Lífshætta 5 : Skoðun eða viðhaldi sleppt

Öll fartæki þurfa gott og reglubundið viðhald og eiga að fara í skoðun reglulega.

Dæmi: Starfsmaður beið bana þegar hann var að losa rör af dráttarvagni með lyftara. Þegar hann bakkaði frá vagninum og tók beygju byrjaði lyftarinn að hallast. Starfsmaðurinn stökk úr lyftaranum en náði ekki að bjarga sér. Höfuð hans lenti undir lyftaranum og hann lést samstundis. Skoðun á lyftaranum leiddi í ljós að veltiklossa á hægri hlið stýrisöxuls vantaði og hélt hann því ekki við þegar lyftarinn tók að hallast. Einnig kom í ljós að dautt slag var í stýrinu svo snúa þurfti hálfan hring áður en stýrishjólin tóku við sér. Það voru engin sætisbelti í lyftaranum.

Hvernig má koma í veg fyrir svona slys?

Í þessu tilfalli var lyftarinn ekki með sætisbelti og því gat lyftarastjórinn ekki spennt sig í sætið. Dánarorsökin var sú að lyftarinn valt og maðurinn reyndi að stökkva úr honum. Grundvallaorsökin var hinsvegar sú að það voru atriði sem ekki voru í lagi sem hefðu komið fram við skoðun eða í viðhaldi. Lyftarinn var í notkun þrátt fyrir þessa ágalla en hefði átt að vera tekinn úr umferð og settur í viðhald.



Það er gott að ganga

Okkur líður vel ef við göngum rösklega á degi hverjum. Beinabyggingin styrkist og liðirnir mýkjast, vöðvakrafturinn í fótunum eykst, jafnvægið batnar og hættan á að detta og fótbrotna minnkar. Flestir hafa tekið eftir því að gönguferð, jafnvel á hóflegum hraða, örvar blóðrásina í öllum líkamanum; líka í heilanum. Þessi líkamlega áreynsla losar svokölluð endorfin sem gera það að verkum að við slökum á og finnum til vellíðunar. Dagleg ganga jafnar líka fitu- og kolvetnisefnaskiptin og auðveldar okkur að hafa stjórn á líkamsþyngdinni.

Marghliða, fjölbreytt og reglubundin líkamleg hreyfing er mikilvæg til þess að viðhalda beinabyggingu okkar. Hún þarf álag og viðnám til þess að haldast sterk og fjaðurmögnuð. Allur þrýstingur (þungi), snúningar, teygingar, smáhögg og hnykkir sem beinabyggingin verður fyrir þegar við göngum, endurnýjar og styrkir hana og fyrirbyggir beinþynningu sem er orðin eitt af okkar mestu þjóðarmeinum.

Klukkutími á dag kemur skapinu í lag!

Helst ættum við að ganga samanlagt minnst einn klukkutími á dag, en ef við göngum eftir mishæðóttu landslagi dugar hálf tími. Þennan daglega gönguskammt getum við líka fengið með venjulegri hversdagshreyfingu, svo sem að ganga upp og niður tröppur, moka snjó eða hamast með börnunum. Við ættum alltaf að ganga svo rösklega að hjartslátturinn aukist, öndunin komist í gang og þér hlýni. Þó ættum við ekki að ganga rösklegar en svo að við getum talað við göngu-félagann.

Hvernig á að ganga?

Þegar þú ert úti að ganga skaltu halda höfðinu hátt en þó afslöppuðu og hakan á að vera lárétt eða halla örlítið niður að bringunni. Haldið hnakkanum löngum (teygðu á hálsinum) og efri hluta líkamans örlítið álútum, án þess þó að bera þig illa. En af hverju ættum við að ganga daglega?

- Ganga er auðveld, þægileg og heilnæm líkamsþjálfun
- Við finnum til vellíðunar ef við göngum reglulega
- Þol okkar verður betra
- Beinabyggingin styrkist og liðirnir mýkjast
- Vöðvakraftur í fótunum eykst, jafnvægið batnar

- Blóðrásin örvast í öllum líkamanum; líka í heilanum
- Ganga auðveldar okkur að hafa stjórn á líkamsþyngdinni
- Ganga hentar öllum ungum sem öldnum

Nýtum tímann og venjum okkur á að ganga okkur til heilsubótar. Finnið ykkur og fjölskyldunni daglega gönguleið heima fyrir og á ferðalagi um landið.

„Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda og ganga“

Dagana 5. júní til 16. september 2010 fer fram verkefni á vegum UMFÍ undir heitinu „Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda og ganga“ og stendur yfir í 103 daga, en í ár eru liðin 103 ár frá stofnun UMFÍ. Öllum er heimil þátttaka, óháð aldri og hægt er að velja milli þátttöku í einstaklingskeppni og hópa /fyrirtækjakeppni eða vera með í báðum keppnunum. Þátttakendur skrá sig og fá allar nánari upplýsingar á www.ganga.is og safna stimplum í göngubók sem hægt er að nálgast í flestum sundlaugum landsins eða á N1 bensínstöðvum.



Þessi mynd er tekin þegar hópur stjórnenda hjá Norðuráli gerði sér lítið fyrir og gekk á Hvanndalshnjúk á dögunum. Talið frá vinstri: Aksel Jansen, Gunnar Guðlaugsson, Gauti Höskuldsson, Trausti Gylfason, Guðbrandur Gimmel, Óskar Jónsson og Rakel Helómarsdóttir.

Söfnunarsvæði

Búið er að koma upp skiltum sem tákna söfnunarsvæði fyrir starfsmenn á nokkrum lykilstöðum á verksmiðjusvæðinu. Þessi svæði eru örugg og er ætlast til að starfsmenn safnist þar saman ef vó ber að höndum og rýma þarf verksmiðjuna í skyndi. Þar má nefna hættu af völdum jarðskjálfta, sprenginga, hryðjuverka svo eitthvað sé nefnt. Á þessum svæðum er líka auðveldara fyrir stjórnendur að taka manntal á starfsmönnum. Eins auðveldar það lögreglu og/eða slökkviliði að fylgja fólkinu af svæðinu. Söfnunarsvæði má finna á eftirfarandi stöðum:



- Við aðalhlíðið
- Á móti skrifstofu utan svæðis
- Á móti skrifstofu innan svæðis
- Fyrir utan kerfóðrun
- Til móts við ker D75, norðan við kerskálana

Bygging vindfangs við austur enda baðhússins



Nú í sumar hefst bygging vindfangs við austur enda baðhússins og mun það vera gert til að halda vindi frá hurð. Einnig verður sett upp sjálfvirk rennihurð og hiti í stéttina frá hurð að hliði. Á meðan á framkvæmdum stendur verður þessi útgangur lokaður og þarf því að ganga um dyr í miðju baðhússins. Á meðfylgjandi mynd má sjá útlit vindfangsins.

Ristími og tíðni—mælingar hefjast 1. ágúst

Eins og þið hafið sjálfsagt öll tekið eftir hafa bónusarnir þír, umhverfisbónus, rekstrarbónus og öryggisbónus, verið kynntir ítarlega á spjöldum sem hanga víðsvegar uppi í fyrirtækinu. Vakin er athygli á því að mælingar á ristíma hefjast 1. ágúst vegna útborgunar bónuss 30. september n.k. En hvað er ristími og tíðni og hvernig reiknast bónusinn?

Ristími er sá tími sem ker er í spennurisi. Því lengur sem ker er í risi því verra er það fyrir rekstur kers og því meira losnar af óæskilegum lofttegundum út í andrúmsloftið. Ristíðni aftur á móti er sá mælikvarði á tíðni spennurisa sem verða í kerum. Baðið í kerunum leysir upp súrálíð sem sett er í þau og rafgreiningin sér um að kljúfa álið frá. Ef baðið klárar það súrál sem það hefur uppleyst fer af stað önnur rafgreining sem býr til gróðurhúsalofttegundir. Spenna hækkar þá mjög hratt í kerinu sökum myndunar þessara lofttegunda og er það mjög slæmt fyrir rekstur kersins.



Viðmið v. ristíma: Fyrir fyrstu 8 mánuði ársins 2010 verður greiddur út að lágmarki 80% bónus. Eftir það gildir eftirfarandi:

- Ef meðalristími á mánuði er 2 mínútur eða minna fæst 100% bónus
- Ef meðalristími á mánuði er meiri en 4.5 mín er ekki greiddur bónus
- Ef meðalristími á mánuði er þarna á milli er bónus greiddur í hlutfalli við ristímann

Viðmið v. ristíðni: Fyrir fyrstu 8 mánuði ársins 2010 verður greiddur út að lágmarki 80% bónus. Eftir það gildir eftirfarandi:

- Ef meðalristíðni á mánuði er 0,02 ris á kerdag eða minni fæst 100% bónus.
- Ef meðalristíðni á mánuði er meira en 0,08 ris á kerdag er ekki greiddur bónus.
- Ef meðalristíðni á mánuði er þarna á milli er bónus greiddur í hlutfalli við ristíðnina.

Hægt er að hámarka umhverfisbónusinn með góðri kerumsjón og með því að gæta þess að búnaður keranna s.s. brjótar og matarar séu í góðu lagi. Umhverfisbónus er greiddur út mánaðarlega fyrir næsta mánuð á undan.



Saman í álinu

Anna Lísu Ævarsdóttir er starfsmaður D-vaktar í kerskála. Unnusti hennar, Ólafur Þór Þórisson, vinnur líka hjá Norðuráli, en hann er starfsmaður C-vaktar í steypuskála. Fréttabréfið spjallaði við Önnu Lísu um lífið og tilveruna hérna í NA.

Hvenær hófuð þið störf í Norðuráli?

„Ég byrjaði í apríl 2006. Hafði áður verið í skóla og í hlutastarfi með skólanum. Ég ákvað hins vegar að breyta aðeins til og kom hingað í fullt starf. Óli var byrjaður aðeins á undan mér, en hann hóf störf í september 2005 á D-vakt í steypuskála og var þar þangað til fyrir stuttu síðan þegar hann flutti sig yfir á C-vaktina.“

Kynntust þið þá í vinnunni?

„Nei við þekktumst reyndar áður en eftir að við byrjuðum að vinna saman urðum við mjög góðir vinir. Restin ætti að segja sig sjálf,“ segir Anna Lísu og hlær.

En nú eigið þið eins árs gamlan son, Samúel Örn. Hvernig gengur að sameina fjölskyldulífið og vinnu þegar þið eruð á sitt hvorri vaktinni?

„Þetta getur vissulega verið erfitt og er stundum talsvert þúsluspil en reddast þó alltaf á endanum. Við höfum ekki mikinn frítíma saman, en þá fáu daga sem við erum saman í fríi reynum við bara að njóta lífsins með litla, falletta manningum okkar.“

Eruð þið með plön fyrir komandi ár?

„Nei við erum nú lítið fyrir að plana framtíðina og lifum bara í núinu. Okkur langar auðvitað að prófa ýmislegt en það er óljóst hvernig mun rætast úr því. Tíminn verður bara að leiða það í ljós,“ og með þessum orðum kveðjum við Önnu Lísu og þökkum fyrir spjallið.



ERT ÞÚ SKEMMTILEG/UR?

Árshátíð Norðuráls verður haldin 2. október n.k. og af því tilefni auglýsir starfsmannafélagið eftir skemmtiatriðum frá starfsmönnum fyrir hátíðina.

Söngur, dans, grín, myndbönd eða hvaðeina sem ykkur dettur í hug— því frumlegra, því skemmtilegra! Setjið nú höfuðið í bleyti og sláið í gegn á árshátíðinni 2010!

Ef einhverjar spurningar vakna má hafa samband við Valdimar Magnússon, formann árshátíðarnefndar í síma: 6648551.



Á slóðum forfeðra okkar í Noregi

Í Landnámabók segir frá því hvernig landnám Íslands hófst í kringum árið 874, þegar Ingólfur Arnarson nam hér land, en á því tímabili sigldu þúsundir manna frá nágrennalöndunum, einkum Noregi, til Íslands og settust hér að. Á undanföllum mánuðum hefur svo fjöldi Íslendinga flust búferlum til Noregs. Segja má að ástæðan sé af svipuðum toga og upphaflegu flutningarnir, þ.e. að efnahagurinn heima fyrir hafi daprast, þó ekki séu það hárfagrir konungar sem séu nú við völd.

Hin fjögur fræknu sem lögðu upp frá Hvalfjarðarströnd um miðjan maí, og tóku stefnuna á Noreg, hugðu þó ekki á landvinn-



inga af neinum toga. Það voru þau Viktoría Jensadóttir, Ragnar Ólason, Pétur Ottesen og Jóhanna Harpa Árnadóttir sem öll eru starfsmenn kerstýringarteymis Norðurláls á Grundartanga. Þau tóku land í Bránðheimi og var tilangur fararinnar að sækja tveggja vikna námskeið í rafgreiningu við Tækniháskólann þar í bæ, NTNU. Skólinn þykir mjög framarlega í þeim fræðigreinum sem viðkemur framleiðslu á áli. Upphafleg tilurð námskeiðsins var að verða við ósk áliðnaðarinnar um menntun sérfræðinga. Fyrsta námskeiðið var haldið árið 1994 en það var árið 2000 að Norðurlál sendi í fyrsta skipti starfsmenn á það. Í dag hafa samtals 27 manns sótt námskeið fyrir hönd fyrirtækisins. Þátttakendurnir

eru starfsmenn álvera, eða fyrirtækja sem þjónusta iðnaðinn, víðsvegar að úr heiminum. Alls hafa þátttakendur komið frá 38 þjóðlöndum og að þessu sinni voru flestir frá Bahrain og Suður Afríku. Það mætast því ólíkir menningarheimar í bakgrunni einstaklinganna sem þarna eru samankomnir til að tileinka sér nýjustu þekkinguna í hinni rúmlega aldargömlu tækni sem rafgreining súrals er. Fjöldi þátttakendanna hafði aldrei áður komið svona norðarlega á jarðkringluna og hafði einn þeirra á orði að þetta væri með öllu óskiljanlegt— bjartur dagur klukkan tíu að kveldi. Hvað þá að sitja til borðs með ljóshærðri manneskju. Sá hinn sami var frá Mozambique og líklega nýta þeir sér ekki mikið hástrípuefni þarna í Afríku.

Kennararnir að þessu sinni voru fimm sérfræðingar sem deildu kennslunni á milli sín eftir sérsviðum. Yfirumsjón námskeiðsins var í höndum Professor Dr. Tech. Harald A øye, en hann er upphafsmaður að námskeiðshaldinu. Eins og gefur að skilja höfðuðu fyrirlestarnir mis mikið til þátttakenda og hélt það yfirleitt í hendur við starfssviði viðkomandi. Íslendingunum þótti Dr. Ing. Ketil Rye sem starfar hjá Alcoa í álverinu í Mosjøen, mjög svo áhryrilegur. Áður en Viktoría hóf störf hjá Norðurláli vann hún einnig hjá Alcoa, þó á Reyðarfirði, og aðspurð um hvað henni þótti áhugaverðast í máli þessa fyrrum samstarfsfélaga síns svaraði hún: 'Í umfjöllun hans um orku og hitajafnvægi kom fram að ef straumnýtni lækkar mjög mikið þá hitnar kerði. Í stað þess að framleiða ál þá framleiðir kerði hita og orkan þarf að fara eitt-hvert. Þetta getur gerst vegna slæmra skauta, lélegs súrals, vegna spennurisa sem gefa mikla orku í kerði eða vegna þess að of mikið hefur verið tappað úr því.' Fyrirlesturinn bar yfirskriftina „all that wasted energy.....“ Því hefur heyrt fleygt að Willy nokkur Kristansen hafi komið Katli þessum á álbragðið og hvatt hann til að leggja stund á fræðin þegar hann var ungur ráðvilltur nemandi í Noregi. Vegir Willys liggja greinilega víða og var það nánast víst að þegar kennararnir vissu að við vorum frá Norðurláli kom spurningin: 'Do you know Willy?' Að svara því játandi var undantekningalítið ávísun á frekari frásagnar af þessum landa þeirra, en þær væru svo aftur efni í aðra grein eða jafnvel greina-flokk.

Það var aftur á móti M.Sc. Asbjørn Solheim sem kveikti í okkar manni, Ragnari Ólasyni efnaverkfræðingi, í umfjöllun sinni um varmajafnvægi þegar hann kynnti nýjustu útgáfuna af formúlunni um súperhita (sem er mismunur á hitastigi raflausnarinnar og storknunarmarki hennar). Að sögn Asbjørns, er þetta besta útgáfa af formúlunni sem fram hefur komið og er hann sjálfur höfundurinn! Í frekari útskýringunum kom svo fram að breyturnar í formúlunni væru oftast en ekki óþekktar og þyrfti því að framkvæma fjölda mælinga til að leggja til grundvallar útreikningunum. Við það dvínaði aðeins gleði Ragnars og komst hann að þeirri niðurstöðu að það væri líklega bara ein-




faldara að biðja Svövu um að fara út í skála og mæla súperhitann.

Pétur Ottesen er sigldur maður og segir hann að það hafi komið sér á mest á óvart hversu aðlaðandi og skemmtilegur bær Þrándheimur sé. Þrándheimur var áður kallaður Niðarós og var eitt sinn höfuðborg Noregs, og þar með Íslands þegar Norðmenn réðu lögum og lofum. Bærinn er staðsettur í miðju Noregs en íbúar eru um 150.000 talsins. Mikil þryði er af Niðarósadómkirkjunni en hún stendur við ána Nið sem rennur



til sjávar í Þrándheimsfirði. Göngu- og hlaupaleiðir eru margar og skemmtilegar hvort heldur um gamla bæinn meðfram ánni eða upp í hliðarnar fyrir ofan. Þessu fallega landslagi Suður-Þrándalagsfylki hafa margir eflaust séð bregða fyrir á sjónvarps-skjánum að undanförunu á sunnudagskvöldum, en RÚV hefur nýlega lokið við að sýna þáttaröðina Berlínaraspírnar byggða á samnefndri bók Anne B. Ragd. Þar segir frá Nes-hov-fjölskyldunni, átökum og uppgjöri innan hennar í leit að sameiginlegum takti í tilverunni. Þrátt fyrir að vera á þessum sögu-slóðum var engin slík dramatík í gangi hjá námskeiðsförum Norðuráls. Það var með léttari lund og samheldni sem námsefni þessara tveggja vikna var innbyrt og opnaði huliðs-heima rafgreiningar. Eftir stendur þó ein spurning—ósvöruð: „Er það ekki alltaf katóðan sem klikkar að lokum“?



HEITI MATURINN HÆKKAR ÖRLÍTIÐ

Eins og fram hefur komið í tilkynningum hækkaði verðið á heita matnum lítilsháttar þann 1. ágúst s.l. úr 390 kr. í 450 kr. Þessi hækking reynist nauðsynleg til að mæta lögbundnu lágmarki.



Nýjar stimpilklukkur starfsmanna

Seinnipart ágúst verða tólf nýjar stimpilklukkur settar upp. Á sama tíma verður tunnuliðið aftengt frá tímaskráningarkerfinu, þó svo að áfram verði hægt að skoða umferð í gegnum tunnuliðið með aðgangskerfinu ef á þarf að halda. Með nýju fyrirkomulagi verða starfsmenn að muna eftir því að stimpla sig inn í vinnu í upphafi vinnudags og að sama skapi að stimpla sig út í lok vinnudagsins. Þessi breyting mun spara vinnu fyrir yfirmenn sem oft hafa þurft að verja miklum tíma í að leiðrétta tímaskráningu þeirra starfsmanna sem þurfa oft á dag að fara um tunnuliðið í sínum daglegu störfum. Einnig hafa bilanir í aðgangskerfinu ruglað tímaskráninguna og þar með skapað óþarfa vinnu fyrir yfirmenn en sá vandi verður nú úr sögunni. Staðsetning á stimpilklukkunum eru á eftirfarandi stöðum:

- **Kerskáli: Utan á rykfría svæðinu (forstofunni) verða tvær klukkur.**
- **Steypuskáli og rannsókn: Fyrir innan útidyr að vestanverðu.**
- **Skautsmiðja: Vinstra megin við inngang í gömlu starfsmannaaðstöðunni.**
- **Kerfóðrun og kerviðgerðir: Hægra megin við inngangsdyr í kaffistofu kerfóðrunar.**
- **Kranasvæði og efnisvinnsla (ACM): Við tölvusvæði á kranaverkstæði.**
- **Rafmagnsverkstæði og planaradeild: Hægra megin við inngangsdyr á rafmagnsverkstæði (Hrakhólar).**
- **Farartækjaverkstæði og ræstingar: Vinstra megin við skrifstofudyr á verkstæði.**
- **Vélaverkstæði: Vinstra megin við dyr inná skrifstofu.**
- **Umhverfis- og verkfræðisvið/kerstýring: Hægra megin innan við inngangsdyr.**
- **Mötuneyti: Í uppvaski rétt innan við dyr inn í matsal.**
- **Lager: Við hlið á dyrum á töfluherbergi.**



Það ríkti líf og fjör á fjölskylduhátíð starfsmanna-
félagsins á Hellishólum. Það var mál manna að einstak-
lega vel hefði tekist til og var met aðsókn á hátíðina.
Hér látum við myndirnar tala sínu máli.

